

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: velferðarnefnd Alþingis
Sendandi: embætti umboðsmanns skuldara

Reykjavík, 31. október 2014
Tilvísun í mál: 2014030151

Efni: Vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara - dagsektir og upplýsingaskylda (159. mál)

Á fundi velferðarnefndar Alþingis þann 30. október sl., þar sem framangreint frumvarp var til umræðu, var óskað eftir að embætti umboðsmanns skuldara myndi taka saman dæmi þar sem fjármálafyrirtæki hafa ekki afhent umbeðnar upplýsingar.

Embættið vill sérstaklega nefna eftirfarandi dæmi þar sem embættið hefur ekki fengið svör við tilteknum almennum spurningum.

I. Endurútreikningur ólögmatra gengistryggðra lána

Líkt og þekkt er hefur umboðsmaður skuldara haft aðkomu að endurútreikningum gengistryggðra lána. Embættið hafði þannig eftirlit með „fyrri endurútreikningum“ skv. lögum nr. 151/2010 og þátttöku í gengislánasamstarfi aðildarfélaganna SFF og Dróma hf. sem heimilað var með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2012. Sökum fyrri aðkomu umboðsmanns skuldara hafa lántakar í ríkum mæli leitað til embættisins vegna ágreiningsmála um „síðari endurútreikning“.

Fjármálafyrirtækið Lýsing hf. hefur ekki viðurkennt þá endurútreikningsaðferð sem aðrar lánastofnanir hafa notast við í endurútreikningum sínum en fyrst var fallist á þá aðferð í dómi Hæstaréttar í máli nr. 464/2012 (Borgarbyggðarmál). Ágreiningur er því um „síðari endurútreikninga“ félagsins vegna endurútreikningsaðferðarinnar og annarra álitefna. Mikill fjöldi lántaka Lýsingar hf. hefur leitað til umboðsmanns skuldara vegna þessa og hefur embættið reynt að aðstoða lántaka. Sú aðstoð grundvallast nú á f.-lið 2. mgr. 1. gr. laga um umboðsmann skuldara þar sem fram kemur að hlutverk embættisins sé „að gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á“.

Aðstoð umboðsmanns skuldara á grundvelli framangreinds staflíðs er almenns eðlis og einkennist fyrst og fremst af almennum upplýsingum og leiðbeiningum. Í því skyni að geta rækt lögbundið hlutverk embættisins og upplýst og leiðbeint lántökum Lýsingar hf. svo þeir gætu metið réttarstöðu sína kallaði umboðsmaður skuldara eftir almennum upplýsingum um ákveðin atriði sem vörðuðu „síðari endurútreikninga“ Lýsingar hf. Upplýsingabeidni embættisins var hafnað af hálfu Lýsingar hf. m.a. á grundvelli þess að félaginu taldi sér ekki skylt að veita umbeðnar upplýsingar. Þannig féllst Lýsing hf. ekki á að ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um umboðsmann skuldara væri uppfyllt um „að upplýsingaöflunin væri nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni“.

Í tilvikum líkt og því sem rakið er hér að framan telur umboðsmaður skuldara að það nái ekki markmiði sínu að fá samþykki frá einum skuldara og kalla eftir sérgreindum upplýsingum um

fjárhagsstöðu hans, heldur sé þörf á því að embættið fái upplýsingar með almennari hætti, t.d. um endurútreikningsaðferð, dómsmál innan dómskerfisins og mögulegt fordæmisgildi þeirra o.fl. Þessum upplýsingum væri svo hægt að miðla til hinna fjölmörgu lántaka sem eru í samskonar stöðu og bíða endurútreiknings.

II. Beiðni um upplýsingar um skráningu í kerfum kröfuhafa

Nokkur umræða hefur átt sér stað um skráningu krafna hjá lánastofnunum o.fl. í kjölfar greiðsluadlögunar og gjaldþrots. Meðal annarra hafa viðskiptamenn embættisins leitast eftir því að fá upplýsingar um það hvernig kröfur eru skráðar hjá lánastofnunum, innheimtufyrirtækjum og Creditinfo, t.d. þegar greiðsluadlögunarsamningur hefur verið efndur eða við skiptalok.

Í því skyni að geta gætt hagsmuna skuldara sendi embætti umboðsmanns skuldara bréf til fjármála- og innheimtufyrirtækja þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvernig skráningu krafna væri háttáð. Lítið hefur borist af svörum við fyrirspurnum embættisins og þau fáeinu svör sem hafa borist eru efnislítill þar sem það er m.a. gert að umfjöllunarefni að viðkomandi fyrirtækjum beri ekki skylda til að veita umbeðnar upplýsingar.

Líkt og á við um upplýsingabeiðnina til Lýsingar hf. vegna ólögmætra gengistryggðra lána, er þessi upplýsingabeiðni þess eðlis að hún er almenn og varðar hina fjölmörgu lántaka sem eru með mál til meðferðar hjá embættinu eða leita aðstoðar þess.

Embættið ítrekar hins vegar að almennt hefur upplýsingaöflun gengið vel við vinnslu greiðsluadlögunarmála skv. lögum nr. 101/2010, þar sem ferli þess úrræðis er lögbundið og orðið mjög fastmótað.

Að lokum skal taka fram að frumvarpinu er ætlað að auðvelda þessa almennu upplýsingaöflun til að umboðsmaður skuldara geti gegnt hlutverki sínu betur að gæta hagsmuna skuldara.

Virðingarfyllst,
Ásta S. Helgadóttir
Umboðsmaður skuldara